



Ytra mat

Leikskólinn Dalborg

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2205-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn.	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	19
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Matsþættir	24
Samantekt.	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Fjarðabyggð hefur stigið skref í þá átt að fjölga leikskólakennurum í Dalborg með því að styðja við starfsmenn leikskólans til að mennta sig í leikskólafræðum. Áfram þarf að leita leiða til að mennta starfsfólk eða ráða leikskólakennara þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Húsnæði leikskólans er þröngt miðað við þann barna- og starfsmannafjölda sem þar starfar og er brýnt að bæta úr því hið fyrsta. Útileiksvæðið er aftur á móti stórt og vel tækjum búið og tækifæri liggja í því að nýta umhverfi leikskólans markvissar til þekkingarleitar. Í samræmi við áherslur sveitarfélagsins hefur leikskólinn sett sér stefnu og koma lykilþættir í uppeldissýn leikskólans fram í skólanámskrá. Þörf er á að kynna stefnu leikskólans betur fyrir öllum hagsmunahópum, vinna áfram markvisst að innleiðingu stefnu og einkunnarorða leikskólans og gera þau sýnileg í umhverfinu.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum og að mati þeirra sem rætt var við leggja leikskólastjórnendur rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra. Starfsfólk er ánægt með upplýsingaflæði innan leikskólans, starfsþróunarsamtöl eru regluleg og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra. Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsmanna og þeim líður vel í vinnunni. Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Skoða má framboð af símenntunartækifærum fyrir ófagmentaða starfsmenn og hvetja þá til að sækja námskeið og efla sig í starfi. Einnig er æskilegt að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Unnið er markvisst að eflingu samskipta í leikskólanum með *Uppeldi til ábyrgðar og ART*. Í samræmi við þær áherslur er starfsfólk í flestum tilfellum uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum þó enn sé nokkuð í land með að allir hafi tileinkað sér aðferðina. Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum, þeim líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Ástæða er til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval og mikilvægt er að starfsfólk hugi að fjölbreytni verkefna í vali og hópastarfi og komi til móts við áhuga barnanna. Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum en þörf er á að ræða og samræma verklag um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og þau kvödd í lok dags. Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna og þess gætt að matið taki til margra þátta. Tækifæri liggja í að auka þátttöku foreldra í mati á námi og stöðu barnanna og gefa eldri börnunum tækifæri til að setja sér markmið og meta nám sitt. Í tengslum við námssvið leikskóla ætti að gera gera ritmál sýnilegra á öllum deildum og hafa það í hæð barnanna. Einnig má gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið. Þar sem stjórn foreldrafélagsins sinnir jafnframt hlutverki foreldraráðs er ástæða til að gera skýrari greinarmun á hlutverki foreldraráðs og stjórn foreldrafélags með því að foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti á heimasíðu leikskólans. Auka þarf daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og leikskólastarfið og huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum. Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu og vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Eskifjarðar um

aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau. Skýr áætlun er til um samstarfið og tilgreint hvaða upplýsingar fylgja barni á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar á leikskólanum og myndað hefur verið nemendaverndarráð sem er ráðgefandi við leikskólann. Fjármagni til stuðnings barns er úthlutað um leið og grunnmat á þörf barnsins fyrir stuðning liggur fyrir. Teymi er myndað í kringum börn í framhaldi af grunnmati og einstaklingsáætlun gerð. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu skriflegt og skrá einnig með skýrari hætti þá verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Ennfremur að sjá til þess að allt starfsfólk á deildum fái upplýsingar um börn með stuðning svo hægt sé að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa. Tækifæri liggja einnig í því að ræða og skrá áherslur leikskólans í vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku og vinna að markvissri málörvun barna með slaka málvitund og með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Óformlegt mat fer fram á starfsháttum reglulega og kannanir hafa verið lagðar fyrir foreldra og starfsmenn. Markvisst þarf að vinna matið eftir matsáætlunum og gæta þess að allir hagsmunahópar komi að matinu, bæði hvað varðar aðkomu að skipulagningu og þegar gagna er aflað. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þarf að draga saman styrkleika og tækifæri til umbóta, vinna áfram með tækifærin eftir umbótaáætlun og skrifa greinargerð um niðurstöðurnar.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Dalborg á Eskifirði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 19.-21. september 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 28. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, sérkennara og haft var samband við formann fræðslu- og skólanefndar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbóta- og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Dalborg er fjögurra deilda leikskóli á Eskifirði.⁴ Saga leikskólans er rakin aftur til ársins 1964 þegar sumarskóli tók til starfa en frá árinu 1982 hefur leikskólinn verið heilsársskóli. Árið 1999 flutti leikskólinn í nýtt húsnæði og fékk nafnið Dalborg. Hann var þá þriggja deilda. Árið 2013 var fjórða deild leikskólans opnuð og er hún staðsett í Grunnskóla Eskifjarðar. Deildir leikskólans heita Bláa deild, Rauða deild, Græna deild og Snillingadeild og eru þær aldursskiptar. Á Bláu deild eru yngstu börnin sem eru fædd árin 2016 og 2017, á Rauðu deild eru börn fædd árin 2015 og 2016, á Grænu deild eru börn fædd árin 2014 og 2015 og á Snillingadeild eru elstu börnin, sem fædd eru árið 2013.

Í leikskólanum dvelja 76 börn á aldrinum eins til sex ára, 33 stúlkur og 43 drengir. Tvö börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. 21 barn á annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 16:30.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 22 starfsmenn í 19 stöðugildum, tveir karlar og 20 konur. Leikskólastjóri er í 100% starfshlutfalli og aðstoðarleikskólastjóri er í 30% starfshlutfalli við leikskólastjórnun og 70% hlutfalli sem deildarstjóri elstu deildar. Leikskólastjórar eru báðir leikskólakennarar. Auk deildarstjórans sem jafnframt er aðstoðarleikskólastjóri starfa þrír deildarstjórar við leikskólann, einn þeirra er leikskólakennari en hinir eru með aðra háskólamenntun en eru báðir að bæta við sig námi í leikskólakennarafræðum. Einn leikskólaliði starfar í leikskólanum og sérkennslustjóri sem er þroskaþjálfari.

Um 15% starfsmanna í starfi með börnum eru með leikskólakennaramenntun og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Fjarðabyggð styrkir starfsmenn leikskólans sem mennta sig í leikskólafræðum með námsstyrk og veitir auk þess að vissu marki svigrúm fyrir starfsmenn að sækja námslotur án þess að laun þeirra skerðist.⁵

Átta af 22 starfsmönnum leikskólans hafa unnið í leikskólanum í eitt ár eða skemur. Að sögn leikskólastjóra skýrist starfsmannaveltan undanfarið af fæðingarorlofi starfsmanna og veikindum.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans hýsir sem fyrr segir þrjár deildir og fjórða deildin er staðsett tímabundið í húsnæði grunnskólans. Frá starfsmannainngangi og forstofu er gengið inn í langan gang sem liggur eftir endilöngu húsinu, breiður í þann enda sem snýr að forstofunni en mjókkar eftir því sem innar dregur. Öðrum megin við ganginn er gengið inn í rými sem flest eru ætluð fyrir starfsmenn, þar er dótageymsla, fjölnota herbergi sem er notað til listsköpunar, fyrir sérkennslu og sem fundarherbergi, skrifstofa leikskólastjórnenda, kaffistofa starfsmanna og undirbúningsherbergi starfsmanna, sem jafnframt er eina fundaraðstaðan í húsinu. Þar fyrir innan kemur eldhús, þvottahús, búr og starfsmannasalerni. Við enda gangsins er gengið inn í sal sem notaður er sem matsalur. Hinum megin við ganginn er gengið inn á leikskóladeildarnar, sem eru þrjár: Græna deild, Rauða deild og Bláa deild. Allar deildirnar samanstanda af leikstofu, hvíldarherbergi, salernisaðstöðu inn af leikstofu, fataklefa með þurrkskáp og salernisaðstöðu inn af fataklefa. Græna deild er auk þess með auka leikrými inn af fataklefa. Fjórða deildin, Snillingadeild, hefur til afnota rými í grunnskólanum sem samanstendur af leikstofu, hvíldarherbergi, leikfangageymslu, salernisaðstöðu og forstofu auk leikrýmis á gangi inn af forstofu. Fyrir hádegi getur deildin einnig nýtt aðstöðu frístundadvalarinnar, sem samanstendur af tveimur stórum leikstofum. Þá hafa þau ípróttasal skólans til afnota tvo morgna í viku. Börnin á Snillingadeild borða í grunnskólanum.

4 Skólanámskrá Dalborgar. Skólaárið 2018-2019.

5 Símasamtal við fræðslustjóra. Rýnihópur deildarstjóra.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla en húsnæðið setur starfinu vissulega skorður þar sem þrengsli eru mikil. Upplifun matsaðila er að deildarrými sé þröngt miðað við barnafjölda. Í könnun Skólapúlsins meðal foreldra í Dalborg vorið 2018 var leikskólinn marktækt undir meðaltali þátttökuskóla þegar spurt var um hvort fjöldi barna á deild væri hæfilegur. Aðstaða til hreyfileikja inni er takmörkuð og það sama má segja um aðstöðu fyrir börnin til að vera í ró og næði. Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk til samráðs og funda er þröng og setustofa starfsfólks er lítil. Ekki er vinnuaðstaða fyrir sérkennslustjóra og sérkennsla fer fram í rými sem jafnframt er aðstaða barnanna til listskópunar. Aðstaða til foreldraviðtala er inn af setustofu starfsmanna, í sama herbergi og notað er til undirbúnings starfsmanna. Rennihurð aðskilur viðtalsherbergi og setustofu og því er mjög hljóðbært þar á milli. Einungis eitt salerni er fyrir starfsmenn. Unnið hefur verið að bættu hljóðvist en fram kom í viðtali og rýnihópi að þar er enn verk að vinna.⁶

Í öllum rýnihópum og í viðtali við leikskólastjóra kom fram að leikskólarymið þolir varla þann fjölda barna sem þar dvelja. Leitast er við að skipta börnunum í hópa og dreifa á rýmið til að minnka álag og hávaða.⁷ Salur, sem er ætlaður til hreyfingar, er notaður sem matsalur til að fækka borðum og stólum inni á deildum og auka þannig leikrými barnanna. Kom fram hjá flestum sem rætt var við að húsnæði og aðstaða innandyra væri það sem brýnast væri að ráða bót á í leikskólanum.⁸ Sagði fræðslustjóri að í gangi væri vinna við hönnun viðbyggingar þannig að leikskólinn rúmi allar deildir og væri samþykkt fyrir því hjá bæjarstjórn að lokið yrði við bygginguna á kjörtímabilinu en stefnan er sett á að nýja húsnæðið verði tilbúið haustið 2020.

Útileiksvæði

Útileiksvæði barnanna er stórt, vel skipulagt og búið góðum leiktækjum, svo sem kastala, útielldhúsi, rólum, fótboltamörkum, rennibraut, klifurvegg, hjólabrautum og bát. Afgirt svæði er fyrir yngstu börnin með rólum, rennibraut, sandkassa og litlu húsi. Góð aðstaða er utan leikskólalóðar til vettvangsferða og útináms. Í viðtali og rýnihópum kom fram mikil ánægja með leikskólalóðina og var hún nefnd sem einn af helstu styrkleikum leikskólans.⁹

Börnin á Snillingadeild nota útileiksvæði grunnskólans.

Hugmyndafræði og áherslur

Í skólanámskrá Dalborgar segir að leikskólinn vilji senda frá sér nemendur „sem hafa hugrekki til að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra eftir skólagöngu, hafa tileinkað sér hreinskiptni í samskiptum við aðra og hafa öðlast sjálfstraust og vilja til að auka getu sína.“¹⁰ Þessar áherslur endurspeglast í einkunnarorðum leikskólans sem eru: *Hreinskilni, hugrekki og trú á eigin getu*. Unnið er út frá fjölgreindarkenningu Howards Gardner og hugmyndafræði Diane Gossen um *Uppeldi til ábyrgðar*. Byggt er á hugmyndafræði John Dewey um að barnið læri af eigin reynslu og virkni og því er lögð áhersla á að vekja áhuga og virkja athafnaþörf þess. Dalborg er einn af *Skólum á grænni grein* og hefur í fjögur ár unnið að því að verða Grænfánaskóli.¹¹

Deildarstjórar í rýnihópi þekktu stefnu leikskólans en starfsmenn í rýnihópi voru ekki eins öruggir með hana en nefndu þó *Uppeldi til ábyrgðar*. Kom fram hjá báðum þessum hópum að misjafnt væri eftir einstaklingum hversu sýnileg stefnan er í starfi í leikskólanum. Að sögn leikskóla- og deildarstjóra hafa breytingar í starfsmannahópnum undanfarin ár gert það að verkum að þau eru enn þá í innleiðingarferli *Uppeldi til ábyrgðar* þó að ýmislegt hafi samt náð að festast í sessi. Byggt á fjölgreindarkenningu Gardner eru árlega gerð snillikort fyrir hvert og eitt barn þar sem styrkleikar þeirra eru kortlagðir. Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki þekkja stefnuna vel og í könnun Skólapúlsins, sem lögð var fyrir foreldra Dalborgar vorið 2018, var leikskólinn marktækt undir meðaltali þátttökuleikskóla þegar spurt var um hvort foreldrar teldu sig upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans. Einkunnarorðin voru ekki sýnileg í leikskólanum og hvorki starfsfólk né foreldrar í rýnihópum þekktu þau.

6 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur starfsmanna.

7 Viðtal við leikskólastjóra.

8 Rýnihópar foreldra, starfsmanna og deildarstjóra.

9 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar foreldra og deildarstjóra.

10 Skólanámskrá Dalborgar. Skólaárið 2018-2019.

11 Rýnihópur deildarstjóra.

Styrkleikar

- Sveitarfélagið styður við starfsmenn sem mennta sig leikskólafræðum.
- Útileiksvæði er stórt og vel tækjum búið.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Leikskólinn vinnur að innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* í samræmi við stefnu Fjarðabyggðar.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Brýnt er að leggja áherslu á að bæta húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.
- Leita leiða til að nýta aðstöðu úti til hreyfipjálfunar meðan unnið er að stækkun á leikskólahúsnæðinu.
- Vinna markvissar samkvæmt stefnu og gildum leikskólans og gera einkunnarorðin sýnileg í umhverfinu. Kynna stefnuna betur fyrir öllum hagsmunahópum.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Fjarðabyggð. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitastjórn. Nefndin fer með hlutverk leikskólanefndar, hefur umsjón með framkvæmd laga um leikskóla, eftirlit með starfsemi leikskóla og vinnur að samræmingu leikskólastarfs í sveitarfélaginu.¹² Hún fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og reglulega eru málefni leikskólans tekin fyrir á fundum nefndarinnar. Leikskólastjóri hittir nefndina einu sinni á ári og gerir grein fyrir leikskólastarfinu.¹³ Fræðslustjóri er starfsmaður nefndarinnar og er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Að sögn leikskólastjóra er gott samstarf við fræðslustjóra, hann kemur reglulega í leikskólann og gott er að leita til hans. Í símtali við fræðslustjóra nefndi hann einnig góð samskipti og samstarf við leikskólastjóra.

Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag átta sveitarfélaga á Austurlandi. Hjá skólaskrifstofunni starfa talmeinafræðingur og sálfræðingur sem leikskólinn hefur aðgang að.¹⁴ Hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar starfar einnig þroskaþjálfari.

Fjarðabyggð hefur sett sér framtíðarsýn og mótað fræðslu- og frístundastefnu. Framtíðarsýn sveitarfélagsins er: „Fjarðabyggð, góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og frístunda“.¹⁵ Stefnan er þó ekki ný og aðgerðaáætlun á heimasíðu sveitarfélagsins er fyrir skólaárið 2012-2013. Að sögn fræðslustjóra er unnið að endurskoðun stefnunnar og þeirri endurskoðun á að vera lokið vorið 2019. Samkvæmt leikskólastjóra var tekin ákvörðun um það innan Fjarðabyggðar árið 2008 að innleiða *Uppeldi til ábyrgðar* í öllum leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu. Einnig hefur Fjarðabyggð lagt áherslu á markvissa vinnu með ART (e. Aggression Replacement Training) í öllum skólum sveitarfélagsins.¹⁶ Reglulega heldur sveitarfélagið námskeið fyrir skólana í ART og *Uppeldi til ábyrgðar*. Fjarðabyggð hefur það á stefnuskrá sinni að veita öllum börnum leikskólavist sem hafa náð 12 mánaða aldri.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Dalborgar fyrir skólaárið 2018-2019 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Hún uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ekki er þó gerð grein fyrir hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna. Ennfremur vantar að gera grein fyrir hvernig unnið er að mati á árangri og gæðum leikskólastarfsins, aðferðum við innra mat og viðmiðum sem metið er út frá í innra mati. Starfsáætlun 2018-2019 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og þar er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Skólanámskrá var endurskoðuð síðastliðið vor á starfsdegi með þátttöku allra starfsmanna.¹⁷ Skólanámskrá og starfsáætlun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar og staðfestingar.

Starfsmannahandbók er til í leikskólanum og er aðgengileg í undirbúningsherbergi starfsfólks. Starfsfólki í rýnihópi var kunnugt um að handbókin væri til en ekki vissu allir hvar hún væri aðgengileg. Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir en ætti að vera sýnilegri á öllum deildum, á gangi og í matsal. Ekki er gerð rýmingaræfing, nema á elstu deild, en farið er yfir verklag við rýmingu á starfsmannafundum.¹⁸ Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja ekki fyrir en starfsfólk fær reglulega fræðslu um skyndihjálpi. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Unnin hefur verið ítarleg áætlun um móttöku nýrra nemenda í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar. Byggt á henni hefur leikskólinn sett sér verkferil við móttöku nýrra barna. Dalborg hefur sett sér forvarnaráætlun sem felur í sér eineltis- og jafnréttisáætlun. Áfallateymi hefur verið myndað og áætlun um viðbrögð við áföllum er til.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri hefur stýrt leikskólanum frá 2016 og núverandi aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað með honum frá 2017. Í stjórnendateymi eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Teymið skiptir með sér verkum og fundar einu sinni í viku þar sem farið er yfir starfið

12 Heimasíða Fjarðabyggðar: <http://www.fjardabyggd.is/>

13 Viðtal við leikskólastjóra.

14 Viðtal við leikskólastjóra.

15 Heimasíða Fjarðabyggðar: <http://www.fjardabyggd.is/>

16 Símaviðtal við fræðslustjóra.

17 Viðtal við leikskólastjóra.

18 Rýnihópur starfsmanna.

hverju sinni. Fundargerðir stjórnendafunda eru ritaðar og settar í möppu sem liggur frammi í setu-stofu starfsfólks. Deildarstjórar skipuleggja og leiða starfið á sínum deildum. Að morgni hvers dags hittast deildarstjórar á fundi og skipuleggja daginn og hver deildarstjóri sér um að miðla upplýsingum inn á sína deild.

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru fimm á ári og eru þeir meðal annars nýttir til námskeiðahalds og deildarfunda. Fyrri hluta vetrar er verið að gera tilraun með að deila tveimur starfsdögum niður á vikulega deildarfundi. Í rýnihópum kom fram ánægja með þetta fyrirkomulag og sagði starfsfólk deildarfundina nýttast betur með þessum hætti heldur en þegar þeir eru haldnir á miðjum vinnudegi.¹⁹ Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega eftir vinnu í tvær klukkustundir í senn. Allir deildarstjórar fá lögbundinn undirbúningstíma og leitast er við að láta starfsmenn á deildum, sem sinna hópstjórn, fá undirbúningstíma eins og því er við komið og eru það deildarstjórnir sem stýra því.²⁰

Að mati starfsmanna er upplýsingaflæði til starfsmanna sem starfa í leikskólahúsnæðinu gott en aðeins vantar upp á upplýsingagjöf til þeirra sem eru staðsettir í grunnskólanum.²¹ Ekki er til skráð verklag um móttöku nýrra starfsmanna en leikskólastjóri sagði að hann og deildarstjórnir hefðu skýra verkaskiptingu og styddust við gátlista um upplýsingagjöf. Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið í gegnum ráðningarkerfi Fjarðabyggðar og sem hluti af því ferli undirrita nýir starfsmenn skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram.

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri aðhyllast dreifða stjórnunarhætti. Hann sagðist treysta deildarstjórum til að bera ábyrgð á sínum deildum og væri því ekki að skipta sér mikið af hvorki deildarstarfi né eldhúsi. Hann sagðist vera sveigjanlegur stjórnandi og leitast við að eiga góð samskipti við starfsfólkið. Starfsmenn og foreldrar í rýnihópum sögðu að leikskólastjóri væri sýnilegur og aðgengi að honum væri gott, nema þegar hann væri inni á deildum í afleysingum. Þó nefndu foreldrar að þar sem leikskólinn væri á tveimur stöðum þá væri leikskólastjórinn almennt ekki sýnilegur á Snillingadeild. Börnin í rýnihópi þekktu leikskólastjóran og sögðu hann ráða í leikskólanum. Í samtali við fræðslustjóra kom fram að leikskólastjóri leysir vel úr málum sem upp koma, er metnaðarfullur og stendur vörð um leikskólann.

Leikskólastjóri sagðist fara reglulega inn á deildir til að hjálpa til og leysa af en ekki í þeim tilgangi að fylgjast með starfi á deildum og veita endurgjöf. Hann reyni þó að leiðbeina starfsfólki ef þess þarf en fyrst og fremst væru það deildarstjórar sem bæru ábyrgð á að leiðbeina starfsfólki. Starfsmenn í rýnihópi sögðust leita eftir ráðgjöf og leiðsögn hjá sínum deildarstjóra og einnig hjá leikskólastjóra. Aðspurðir um hverjir helstu styrkleikar leikskólans væru, nefndu þeir meðal annars góða stjórnendur.

Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og eru þau gagnleg að mati starfsmanna í rýnihópi. Í samtalinu er spurt út í þarfir og óskir starfsmanna um endurmenntun, námskeið og vinnuaðstöðu.²² Niðurstöður eru skráðar og sendar á skrifstofu Fjarðabyggðar, sem nýtir þær meðal annars við skipulag námskeiða. Árlega er haldið haustþing allra leikskóla á Austurlandi og starfsdagar eru einnig nýttir til námskeiða og fræðslu. Að sögn leikskólastjóra er starfsfólk auk þessa hvatt til að fara á námskeið sem taka mið af þörfum leikskólans. Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsmanna og skilar henni til fræðslustjóra. Deildarstjórar sögðust hafa tækifæri til símenntunar og eru þrír þeirra í námi í leikskóla- eða menntunarfræðum. Þeir sögðu að reynt væri að koma til móts við óskir þeirra um að fara á námskeið en nefndu að framboðið mætti vera meira og betri upplýsingar um það sem væri í boði. Starfsmenn í rýnihópi tóku undir það að framboð námskeiða væri lítið og bentu á að það væru frekar leikskóla-kennararnir sem ættu þess kost að fara á námskeið heldur en ófaglærðir starfsmenn. Sögðust þeir vera áhugasamir um að fara meira á námskeið og töldu að ef til vill gætu þeir verið duglegri að óska eftir því. Bentu þeir á að þörf væri á að halda námskeið fyrir nýja starfsmenn.

19 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

20 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur deildarstjóra.

21 Rýnihópur starfsmanna.

22 Viðtal við leikskólastjóra.

Að sögn fræðslustjóra hefur sveitarfélagið boðið upp á sérstakt námskeið fyrir tvítyngda starfsmenn leikskóla þar sem fram fer íslenskukennsla með áherslu á leikskólafræði. Um er að ræða þriggja anna nám, alls 210 kennslustundir, sem starfsfólk á þess kost að sækja á vinnutíma.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandi og skólabragur í leikskólanum er góður. Þátttakendur voru sammála um að virðing og traust ríkti og að starfsmannahópurinn væri samhentur. Starfsmenn í rýnihópi sögðu að vinnubrögð væru lýðræðisleg, vel væri tekið í tillögur og nýjar hugmyndir og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða. Fram kom í viðtölum og rýnihópum við stjórnendur og starfsmenn að þeim líður vel í starfi og telja að hæfni þeirra nýtist vel þó svo að viss þreyta sé í hópnum vegna plássleysis og fjölda barna á deildum. Samhaldni í starfsmannahópnum, mannauður, góður starfsandi og virðing var af stjórnendum og starfsmönnum nefnt meðal helstu styrkleika leikskólans. Starfsmannahópurinn gerir ýmislegt saman til að efla starfsandann, svo sem að halda sameiginlegt jólahlaðborð, árshátíð og vera mánaðarlega með svokallað „umhyggjukrútt“ þar sem starfsmenn skiptast á að koma með veitingar og starfsmenn af Snillingadeild koma í kaffi. Þess utan nota starfsmenn Snillingadeildar kennaraaðstöðu grunnskólans í matar- og kaffitímum og eru því dags daglega nokkuð einangraðir frá starfsmönnum hinna deildanna.

Áhersla er lögð á samstarf á milli allra starfsmanna og að þeir hjálpi að á milli deilda eftir því sem þörf er á.²³ Reynt er að hafa flæði starfsmanna á milli Snillingadeildar og annarra deilda leikskólans með því að senda starfsmenn á milli.

Styrkleikar

- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá Skólaskrifstofu Austurlands.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu og endurspegla áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Lögbundnar áætlanir liggja fyrir um viðbrögð við áföllum, vegna öryggismála og forvarna og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra.
- Starfsfólk er almennt ánægt með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna, hvernig unnið er að mati á árangri og gæðum leikskólastarfsins, aðferðum við innra mat og viðmiðum sem metið er út frá í innra mati. Einnig má draga markmið leikskólans skýrar fram.
- Koma starfsmannahandbók betur á framfæri með því t.d. að hafa hana aðgengilega inni á hverri deild.
- Skrá verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Gera öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega í öllum rýmum leikskólans.
- Skoða framboð af símenntunartækifærum fyrir ófagmenntað starfsfólk og hvetja það til að sækja námskeið og efla sig í starfi.
- Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á fjölbreytt viðfangsefni auk þess sem umhverfi utan leikskólalóðar gefur möguleika til náttúruskoðunar, útináms og gönguferða. Skipulag innanhúss gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum. Hver deild samanstendur af tveimur leikstofum auk þess sem Græna deildin hefur þriðju leikstofuna. Sameiginleg rými eru listakrúkur, salur og gangur og skiptast deildirnar á að nýta þessi rými eftir föstu skipulagi. Á ganginum er bókasafn leikskólans staðsett auk þess sem þar er leikrými og ýmiss konar leikfangakostur, svo sem íþróttavagn, sandkassi, holukubbar, einingakubbar, mjúkir kubbar og eldhúseiningar. Einnig er borð og stólar þar sem gangurinn er breiðastur. Salur leikskólans er notaður sem matsalur og því nýtist hann ekki til hreyfileikja þar sem þar eru borð og stólar sem erfitt er að færa til. Utan matmálstíma er salurinn notaður til að vinna með börnunum í minni hópum. Þegar spurt var um námsaðstæður barnanna í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2018 mældist viðhorf foreldra marktækt lægra en meðaltal leikskóla sem tóku þátt. Í rýnihópi foreldra kom einnig fram mikil óánægja með húsnæðið og aðbúnaðinn í leikskólanum.

Í skólanámskrá Dalborgar kemur fram að mikil áhersla er lögð á frjálsan leik og að efniviður sé opinn, sveigjanlegur og skapandi.²⁴ Einingakubbar og holukubbar skipa því háan sess. Skápar með einingakubbum eru á þremur deildum og á gangi. Inni á deildum eru kubbarnir hins vegar ekki aðgengilegir börnunum þar sem skáparnir snúa upp að vegg. Mismunur er á deildum hvað efnivið og leikefni varðar og aðgengi barna að því. Leikefni á Bláu deild er fjölbreytt og vel aðlagað ungum börnum. Á Grænu deild og Snillingadeild er leikefni nokkuð fjölbreytt og aðgengilegt börnunum og höfðar til mismunandi áhugasviða þeirra. Í rýnihópi barna á Snillingadeild kom fram að þau hafa nóg af dóti til að leika með „af því að við erum alltaf að skipta um dót“. Á Rauðu deild er leikfangakostur fábreyttur og illa aðgengilegur börnunum.

Dagskipulag deilda er unnið út frá sameiginlegum grunni sem hver deild aðlagar að sínum þörfum. Dagurinn skiptist í hópastarf, útivist, val, frjálsan leik og samverustund. Útivera er alla daga og er hópnum skipt þannig að hluti barnanna er úti á meðan hin börnin á deildinni eru inni. Þetta er gert til að vinna með minni barnahópa, nýta húsnæðið og minnka álagið á börn og starfsfólk. Á Snillingadeild fara öll börnin í útiveru á sama tíma. Í hópastarfi er börnunum skipt upp í hópa og unnið að verkefni sem skipulagt er af deildarstjórum. Unnið er með val á deildum og má sjá það á dagskipulagi. Misjafnt er milli deilda hvernig það er útfært. Hádegismatur er tvískiptur, fyrst borða börnin af Rauðu og Bláu deild og síðan börnin af Grænu deild. Börnin á Snillingadeild borða í mótuneyti grunnskólans. Á hverjum föstudegi er sameiginlegur söngfundur Grænu, Rauðu og Bláu deildar. Annan hvern föstudag er flæði á milli Grænu og Rauðu deildar og fá börnin þá að leika sér frjálst á þeirri deild sem þeir kjósa. Hamingjudagar eru síðasta föstudag í mánuði og þá fá börnin að velja þema dagsins og skiptast deildarnar á að velja.

Starfshættir

Farið er í mismunandi áherslupætti á hverju ári og unnið er með ákveðin þemu í tvo mánuði í senn.²⁵ Á starfsárinu 2018-2019 er í ágúst og september unnið með *íslensku húsdýrin*, í október og nóvember er *samfélagið mitt* viðfangsefnið, í desember og janúar er unnið með *hafíð, fuglarnir* eru áherslupættir í febrúar og mars og loks er unnið með *náttúruna* í apríl og maí.

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarf á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki, þjálfa inn nýja starfsmenn og skipuleggja hópastarf allra hópa. Þeir bera einnig ábyrgð á samskiptum við foreldra og foreldravíðtölum. Hópstjórar vinna hver með sinn hóp byggt á því sem deildarstjórar leggja upp með. Sameiginlega metur starfsfólk nám og framfarir barnanna á deildinni. Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda var sýnilegt þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi og að mati starfsfólks og stjórnenda í rýnihópum er faglegt samstarf á deildum gott. Starfsfólki finnst hlustað á sínar skoðanir og er óhrætt við að koma fram með þær á deildarfundum. Vettvangsathugun leiddi í ljós að

²⁴ Skólanámskrá Dalborgar. Skólaárið 2018-2019.

²⁵ Ársáætlun Dalborgar 2018-2019.

mismunandi var eftir deildum hversu fjölbreytt verkefni barnanna voru og hversu vel var komið til móts við þarfir og áhuga þeirra.

Í samræmi við stefnu leikskólans *Uppeldi til ábyrgðar* á flest starfsfólk jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin en í vettvangsathugun var þó sýnilegt að einstaka starfsmenn þurfa að vinna betur í að tileinka sér aðferðir stefnunnar. Samræmdar reglur hafa verið mótaðar. Þær eru settar fram á myndrænan hátt og eru sýnilegar á veggjum allra deilda og á gangi. Upphaflega tóku börnin þátt í að móta reglurnar að sögn leikskólustjóra en núna eru þær orðnar fastar í sessi. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að *Uppeldi til ábyrgðar* er gott verkfæri til að takast á við samskipti og agamál en samræma þurfi betur innan deilda og á milli deilda hvernig brugðist er við krefjandi hegðun og samskiptavanda barna.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2018 var spurt um viðhorf foreldra til vinnubragða í leikskólanum og mátu foreldrar vinnubrögð í Dalborg marktækt verr en foreldrar í öðrum þátttökuskólum. Það sama er uppi á teningnum varðandi ánægju með leikskólann, samskipti, viðfangsefni barna og starfshætti. Þessu tengt kom fram í rýnihópi foreldra að þeim finnst vanta meiri sýnileika á hvað er verið að gera með börnunum í leikskólanum og kölluðu í því samhengi eftir aukinni upplýsingagjöf um daglegt starf.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá Dalborgar kemur fram að unnið sé að lýðræði og jafnrétti meðal annars með því að börnin geri sem mest sjálf, þau hafi val um verkefni og efnivið, hafi tækifæri til samræðu og tjáningar og að skipulag starfsins sé sveigjanlegt og taki mið af þörfum barnanna. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að ekki er unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barna.²⁶ Börnin koma ekki beint að skipulagi leikskólustarfsins og koma almennt ekki að ákvörðun um hvaða viðfangsefni eru í boði í vali, hópastarfi eða flæði. Starfsfólk undirbýr og ákveður hvaða viðfangsefni boðið er upp á. Lýðræði barna birtist fyrst og fremst í að börnin fá að velja sér viðfangsefni úr þeim sem eru í boði hverju sinni og mega skipta um viðfangsefni en þurfa að sýna þrautseigju og dvelja í að minnsta kosti 20 mínútur við hvert.²⁷ Ef upp kemur áhugasvið barna er reynt að grípa það og vinna með það. Í rýnihóp barna kom fram að þeim finnst þau ekki ráða miklu í leikskólanum, „kennararnir ráða“, sögðu þau. Þau sögðust þó fá að ráða hvað þau leika með, við hverja þau leika og einnig að þau mættu skipta um viðfangsefni þegar þau vildu. Ákvarðanir sem börnin koma að í leikskólanum er að velja þema Hamingjudags sem er síðasta föstudag hvers mánaðar.²⁸ Hver deild fær að velja þema Hamingjudagsins tvisvar yfir skólaárið og fer það val fram með lýðræðislegum hætti innan deilda. Þá fær hver deild að velja eitt óskalag fyrir sameiginlega söngstund á föstudögum og eins koma börnin stundum að því að velja hvaða lög eru sungin í samverustund.

Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu. Í vettvangsathugun var sýnilegt að börnin eru hvött til sjálfshjálpar, meðal annars við að klæða sig í og úr fyrir og eftir útivist og skammta sér sjálf á diskana í matmálstímum og ganga frá leirtauinu sínu eftir matinn. Fram kom í rýnihópum að börnin eru hvött til að segja frá í samverustundum og þegar þau eru í minni hópum.²⁹ Á elstu deild eru skipulagðar stundir í tengslum við *ART* verkefnið þar sem börnin hafa tækifæri til að ræða saman og segja frá. Börnin koma ekki að því að meta leikskólustarfið.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að námssviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*.

Unnið er að læsi í gegnum daglega samveru- og söngstundir. Aðgengi barna að fjölbreyttum bókakosti er gott á tveimur elstu deildunum og bókasafn bæjarins er mikið nýtt fyrir elstu börnin. Haldið er upp á dag íslenskrar tungu í nóvember og bókavika er haldin í tengslum við alþjóðlegan bókadag í apríl ár hvert. Ritmál er sýnilegt á Snillingadeild en nokkuð skortir á að ritmál sé sýnilegt á öðrum deildum og í hæð barna. Til að byggja upp góð samskipti er unnið með *Uppeldi til ábyrgðar* og *ART*, sem þjálfar börn í félagsþroska, siðferðisvitund og sjálfsstjórn á jákvæðan hátt.

26 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra. Viðtal við leikskólustjóra.

27 Rýnihópur deildarstjóra.

28 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

29 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

Heilbrigði og vellíðan barnanna er styrkt með ýmsum hætti, bæði í skipulögðu starfi og frjálsum leik. Má þar meðal annars nefna að lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan mat, daglega hvíld og útveru. Börnin á Snillingadeild hafa aðgang að íþróttasal grunnskólans tvisvar í viku. Á Grænu deild er úti-kennsla fastur liður í hópastarfi í hverri viku. Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 er gert ráð fyrir tveimur heilsudögum á skólaárinu þar sem sérstök áhersla er á að kynna heilsusamlegt lífverni, hollt matarræði og hreyfingu.³⁰

Í tengslum við námssviðið sjálfbærni og vísindi er unnið að því að innleiða verkefnið *Skóli á grænni grein* í leikskólanum og kynnast börnin meðal annars flokkun á sorpi, endurvinnslu og endurnýtingu efniviðar sem hluta af því verkefni. Unnið er með mánaðarleg þemu sem á þessu skólaári tengjast öll umhverfinu.³¹ Á eldri deildum skiptast börnin á að vera veðurfræðingar og læra að meta veðuraðstæður og útvistarklæðnað með hliðsjón af þeim. Einnig skiptast börnin á að vera svokallaðir moltustjórar en í því starfi felst að sækja óhreinar tuskur inn á deildar og fara með í þvott. Í starfsáætlun fyrir skólaárið er gert ráð fyrir vinnu með myrkur, ljós og skugga í tengslum við Daga myrkurs sem árlega eru haldnir hátíðlegir í Fjarðabyggð.³² Leikskólinn er vel búinn opnum efniviði sem styður við stærðfræði, vísindi og sköpun og má þar nefna sand, einingakubba, holukubba og ýmiskonar aðra kubba. Að öðru leyti virðist búnaður til vísinda og vísindastarf lítið sýnilegt í leikskólanum.

Aðstaða er til listsköpunar í sérstöku rými sem deildirnar skiptast á um að nota. Á deildum eru auk þess litir og blöð í boði fyrir börnin en misjafnt var eftir deildum hversu aðgengilegt það var börnunum. Í vettvangsathugun var vinna með skapandi starf barna ekki mikið sýnilegt. Ýmsar uppákomur eru í Dalborg sem taka mið af menningu landsins svo sem jólaskemmtun, þorablót, bollu- og sprengidagur, öskudagsskemmtun, morgunmatur fyrir feður, afa og frændur á bóndadag og morgunmatur fyrir mæður, ömmur og frænkur á konudag. Leikskólinn tók þátt í menningarhátíð fyrir börn og ungmenntu á Austurlandi í haust. Í tengslum við þá hátíð komu tónlistarkennarar í Dalborg og voru með tónlistarstund með börnunum.

Velferð og líðan barna

Í vettvangsathugun sáu matsmenn að andrúmsloft á deildum var yfirleitt afslappað og einkenndist oftast af virðingu fyrir börnunum. Almennu eru starfsmenn nærri börnunum í leik, við borð og á gólfi, en þó var nálægð starfsfólks mismunandi eftir deildum. Foreldrar í rýnihópi sögðu að börnunum liði vel í leikskólanum, þau væru glöð að fara í leikskólann á morgnana og töluðu vel um hann heima. Þeir sögðu ennfremur að vel væri komið fram við börnin en það væri þó mismunandi eftir starfsmönnum. Foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2018 leiddi í ljós að lang flestir foreldrar telja að barninu þeirra líði frekar eða mjög vel í leikskólanum og að samskipti starfsfólks við börnin séu góð. Foreldrar í rýnihópi bentu á að bæta þyrfti móttöku barnanna á morgnana og hvernig þau væru kvödd á daginn. Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn og almennt góð samskipti innan hópsins. Börnin í rýnihópi sögðu að þeim liði vel í leikskólanum.

Við aðlögun yngstu barnanna er unnið eftir hugmyndum um þátttökuaðlögun og fylgja þá foreldrar barninu sínu alveg fyrstu tvo dagana og hluta úr þriðja degi. Þegar börn eru flutt á milli deilda er viku aðlögunartími sem byrjar með stuttum heimsóknnum í upphafi vikunnar sem lengjast dag frá degi og lýkur með formlegum flutningi barnanna í lok vikunnar. Allir foreldrar sem svöruðu foreldrakönnuninni vorið 2018 voru ánægðir með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram ábending um að hafa aðlögun barna yfir á Snillingadeild með þeim hætti að þau kæmu fyrst á leikskólann og væru færð þaðan yfir í stað þess að mæta beint í grunnskólann eftir frí.

Mat á námi og velferð barna

Til að meta nám og framfarir barnanna er málþroskaskimunin Efi-2 lögð fyrir öll þriggja ára börn og skimunarprófið Hljóm-2, sem kannar hljóð- og málvitund, er lagt fyrir öll fimm ára börn. Færnischema um félags-, tilfinninga- og vitsmunaproska, hreyfi- og málþroska, hegðun, sköpunargleði og sjálfshjálp er fyllt út fyrir hvert barn í leikskólanum einu sinni á ári og eru niðurstöður ræddar í foreldraviðtölum. Í tengslum við foreldraviðtölin eru líka árlega fyllt út svokölluð „snillikort“ til að meta styrkleika og

30 Ársáætlun Dalborgar 2018-2019.

31 Ársáætlun Dalborgar 2018-2019.

32 Ársáætlun Dalborgar 2018-2019.

áhugasvið barnanna. Með snillikortinu eru börnin metin út frá fjölgreindum Gardners og skoðuð er líkams- og hreyfigreind, málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind, tónlistargreind og umhverfisgreind. Allt starfsfólk tekur þátt í að meta stöðu barnanna en foreldrar og börn ekki. Kom fram áhugi í rýnihópi foreldra á því að þeir meti barnið sitt líka út frá fjölgreindum Gardners til að fá heildrænni mynd. Í rýnihópi deildarstjóra var einnig minnst á að gott væri að bæta við mati foreldra og barnanna sjálfra.

Hvert barn á sína bók þar sem sett eru ákveðin verkefni sem unnin eru yfir árið, svo sem sjálfsmynd barnsins og mynd af fjölskyldu þess, listaverk, stimpluð hönd, hæð og þyngd og ljósmyndir. Í bók barnsins fara niðurstöður færniskemans og snillikortsins.

Önnur gögn til að meta nám og framfarir barna þegar þurfa þykir eru: Íslenski máhljóðamælirinn og APES matskerfið.

Styrkleikar

- Starfsfólk er í flestum tilfellum uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum.
- Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Unnið er markvisst að eflingu samskipta með Uppeldi til ábyrgðar og ART.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum.
- Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm.
- Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna og þess gætt að matið taki til margra þátta.
- Fyllt er út snillikort og færniskema fyrir hvert og eitt barn og lagt til grundvallar samræðu um barnið í foreldraviðtölum.

Tækifæri til umbóta

- Auka leikfangakost og aðgengi barna að bókum og fjölbreyttu leikefni á Rauðu deild.
- Æskilegt væri að hafa einingakubba á deildum aðgengilega börnunum.
- Huga að fjölbreytni í verkefnum í vali og hópastarfi og gæta að börnum sem ekki hafa áhuga á verkefnum sem boðið er upp á og finna þeim áhugaverð verkefni.
- Vinna áfram að markvissri innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Starfsfólk ræði og samræmi hugmyndir um lýðræði barna í daglegu starfi og vinni að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval.
- Gera ritmál sýnilegra og í hæð barnanna.
- Auka skapandi starf barna og gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Samræma og skrá verklag um hvernig tekist er á við krefjandi hegðun barna.
- Ræða og samræma verklag um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og þau kvödd í lok dags.
- Taka til umræðu ábendingu foreldra um hvernig staðið er að flutningi barna yfir á Snillinga-deild.
- Auka þátttöku foreldra í mati á námi og stöðu barnanna og gefa eldri börnunum tækifæri á að setja sér markmið og meta nám sitt.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og sinnir stjórn foreldrafélagsins jafnframt hlutverki foreldraráðs.³³ Á heimasíðu Dalborgar er hlekkur merktur foreldrafélaginu. Þar má finna upplýsingar um fulltrúa í stjórn foreldrafélags/foreldraráði, lög foreldrafélagsins og fundargerðir. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins/foreldraráð á aðalfundi félagsins að hausti ár hvert. Þeir sem gefa kost á sér í stjórn foreldrafélagsins/foreldraráð eru yfirleitt sjálfkjörnir. Foreldraráðið fundar að jafnaði tvisvar á önn³⁴ en stjórn foreldrafélagsins fundar mánaðarlega og oftast þegar viðburðir eru í undirbúningi.³⁵ Foreldraráðið hefur ekki sett sér starfsáætlun en það fer árlega yfir og samþykkir skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal.³⁶ Fundargerðir eru skráðar og birtar á heimasíðu leikskólans. Undirbúningur funda er samstarfsverkefni leikskólastjóra og foreldraráðs. Stjórn foreldrafélagsins stendur fyrir ýmsum viðburðum eins og til dæmis sveitaferð að vori, jólaballi í samráði við íbúasamtök Eskifjarðar og leikjaskóla á laugardögum. Auk þess gefur foreldrafélagið öllum deildum leikskólans jólagjöf á hverju ári og stundum sumargjöf.³⁷ Stjórnin vinnur í samvinnu við önnur foreldrafélög í Fjarðabyggð. Gott samstarf er á milli stjórnar foreldrafélags og leikskóla og að sögn leikskólastjóra er félagið mikill stuðningur við leikskólastarfið og viðburðir á þeirra vegum eru vel sóttir af foreldrum.

Árlegur foreldrafundur er haldinn á hverri deild fyrir sig að hausti þar sem starf vetrarins er kynnt og farið yfir ýmsar hagnýtar upplýsingar.³⁸ Foreldrasamtöl fara fram einu sinni á ári, að vori, þar sem fjallað er um líðan og þroska barnanna. Auk þess eru foreldrar hvattir til að hafa samband og óska eftir fundi ef þeim finnst þörf á. Í rýnihópi foreldra kom fram sú ósk að boðið væri upp á foreldraviðtal tvisvar yfir veturinn. Þrisvar yfir veturinn er aðstandendum boðið formlega í morgunkaffi, á aðventunni, bóndadegi og konudegi og er þátttaka á þeim viðburðum góð.³⁹

Í upphafi leikskólagöngu barns fá foreldrar afhent gögn um leikskólann, svo sem almennar upplýsingar um leikskólann og aðlögun barnsins, reglur um leikskólaþjónustu, glærur um Uppeldi til ábyrgðar og blöðung um læsi.⁴⁰

Upplýsingagjöf til foreldra á sér aðallega stað með tölvupósti, í gegnum Karelle appið og á upplýsingatöflu í fataklefa. Deildarstjórar allra deilda senda í upphafi hvers mánaðar áætlun með upplýsingum um áherslur í starfi þann mánuð og þess á milli er eitthvað um að sendir séu upplýsingapóstar um starf deilda. Leikskólastjóri sendir einnig reglulega tölvupóst á foreldra og setur fréttir á heimasíðu leikskólans. Foreldrar í rýnihópi nefndu að góðar upplýsingar væru á heimasíðu leikskólans og þeir voru ánægðir með tölvupósta frá deildarstjórum en kölluðu eftir að fá meiri upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Ekki eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans á öðrum tungumálum en íslensku.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Þeir sögðu að samskipti við starfsfólk leikskólans væru almennt mjög góð og að vel væri tekið í óskir foreldra. Eitt foreldri nefndi að helsti styrkleiki leikskólans fælist meðal annars í ást og alúð starfsfólksins í samskiptum við börnin. Í rýnihópnum kom fram að foreldrar væru ekki sérstaklega hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og þeir væru ekki virkir þátttakendur í starfinu nema þá daga sem viðburðir væru í leikskólanum. Í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2018 var Dalborg marktækt undir meðaltali þátttökuskóla þegar spurt var um hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu.

Samstarf við grunnskóla

Elsta deild leikskólans, Snillingadeild, er til húsa í Grunnskóla Eskifjarðar og eru reglulegar heimsóknir á milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans. Meðal annars fara elstu börn leikskólans í kennslustund hjá umsjónakennara 1. bekkjar og taka þátt í sérgreinatímum, svo sem heimilisfræði og íþróttum.⁴¹ Að vori fá leikskólabörnin skólavini í 3ja bekk sem verða stuðningsaðilar þeirra þegar þau byrja í 1. bekk. Börnin á Snillingadeild borða jafnframt í matsal skólans og fara í útivist á leiksvæði

33 Heimasíða Dalborgar, rýnihópur foreldra.

34 Viðtal við leikskólastjóra.

35 Rýnihópur foreldra.

36 Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

37 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur foreldra.

38 Viðtal við leikskólastjóra

39 Rýnihópur foreldra.

40 Viðtal við leikskólastjóra.

41 Áætlun leikskólans um flutning frá leikskóla yfir í grunnskóla.

grunnskólans. Skilafundur leikskóla og grunnskóla er haldinn að vori þar sem farið er yfir grunnupplýsingar um hvert barn. Í lok skólaárs er vorskóli þar sem leikskólabörnin taka þátt í einum vordegi í grunnskólanum.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kom fram að foreldrar í Dalborg eru almennt ánægðari með flutning barna á milli skólastiga ef borið er saman við landsmeðaltal þeirra leikskóla sem tóku þátt.⁴²

Annað samstarf

Að sögn leikskólustjóra er nærsamfélag leikskólans mjög vinveitt honum. Á degi leikskólans hefur leikskólinn farið með listaverk barna og hengt þau upp í opinberum byggingum í bænum, svo sem í sundlauginni og á elliheimilinu. Börnin fara einnig stöku sinnum og syngja fyrir íbúa elliheimilisins. Sjávarútvegsfyrirtæki í bænum gaf leikskólanum skip á útileiksvæðið og slysavarnardeildin aðstoðaði þau með útskriftarferð elstu barnanna síðastliðið vor.

Gott samstarf er við heilsugæslu Fjarðabyggðar og kemur hjúkrunarfræðingur í leikskólann til að gera 2½ og 4 ára skoðun hjá börnunum. Leikskólustjórar í Fjarðabyggð hafa samstarf sín á milli og hittast á mánaðarlegum samráðsfundum.⁴³ Sérkennslustjórar í Fjarðabyggð hafa einnig vettvang til samráðs.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Eskifjarðar um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau. Skýr áætlun er til um samstarfið og tilgreint hvaða upplýsingar fylgja barni á milli skólastiga.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Gera skýrari greinarmun á hlutverki foreldraráðs og stjórn foreldrafélags með því að foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti á heimasíðu leikskólans.
- Auka daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið.
- Huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

42 Foreldrakönnun Skólapúlsins 2018.

43 Viðtal við leikskólustjóra, símtal við fræðslustjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Við leikskólann er sérkennslustjóri sem er þroskaþjálfari að mennt. Sérkennslustjórinn var nýlega tekinn til starfa þegar ytra matið fór fram og því var ekki búið að skilgreina hlutverk hans nema að litlu leyti. Hann mun þó bera ábyrgð á sérkennslumálum, sinna frumgreiningu á börnum, veita ráðgjöf til starfsfólks og sinna stuðningi við barn.

Í skólanámskrá Dalborgar er fjallað um áherslu leikskólans á nám án aðgreiningar og þar kemur fram að farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni. Þegar grunur vaknar um frávik er beiðni send til Skólaskrifstofu Austurlands sem gerir grunnmat á barninu og í framhaldi er beiðni send til Greiningarstöðvarinnar ef ástæða er til.⁴⁴ Að sögn leikskólastjóra hefur sveitarfélagið verið liðlegt að því leyti að um leið og grunnmat liggur fyrir er barninu úthlutaður stuðningur. Teymi er myndað í kringum börn í framhaldi af grunnmati hjá skólaskrifstofu og einstaklingsáætlun gerð. Í skólanámskrá kemur fram að einstaklingsáætlanir eru gerðar í samráði við deildarstjóra og foreldra barnanna og að þær eigi að endurmeta tvisvar á ári. Oftast er APES matslistinn notaður við gerð einstaklingsnámskráa og með honum er upplýsingum um barnið aflað frá bæði foreldrum og leikskólanum. Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram inni í barnahópnum á deildum. Að sögn leikskólastjóra er starfsfólk deilda upplýst um þroskafrávik og sérþarfir barna. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að betur megi standa að því að setja starfsmenn inn í einstaklingsnámskrár og málefni barna með stuðning þar sem þeir vita ekki alltaf hvernig taka eigi á málum þegar stuðningsaðili barnsins er ekki á staðnum.

Ekki hefur verið unnið að markvissri málörvun tvítýngdra barna og barna sem hafa komið illa út úr Efi-2 málþroskaskimuninni en verið er að skipuleggja störf sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra með þeim hætti að þeir nái að sinna málörvun með markvissari hætti.⁴⁵ Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að brýnt væri að auka málörvun barna í leikskólanum og sérkennslu fyrir börn sem eiga í öðrum vanda. Nemendaverndarráð leikskólans hefur verið skipað og er það ráðgefandi við leikskólann. Í ráðinu sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri, fulltrúi heilsugæslunnar, fræðslustjóri og fulltrúi félagsþjónustu sveitarfélagsins. Nemendaráðsfundir eru tveir á ári.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Fjarðabyggð hefur mótað áætlun um móttöku nýrra nemenda í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar og í henni er sérstök áhersla lögð á móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Var áætlunin unnin í tengslum við móttöku á nýjum íbúum í samstarfi við Rauða kross Íslands. Nokkur börn í leikskólanum eiga annað móðurmál en íslensku og eru þau flest af pólskum uppruna. Þrjú pólskir starfsmenn vinna í leikskólanum og hafa þeir túlkað fyrir foreldra. Leikskólinn getur kallað eftir túlki þegar á þarf að halda og foreldrar hafa val um að fá utanaðkomandi túlk ef þeir vilja. Skiptar skoðanir eru á því hvort börnin megi tala sitt móðurmál í leikskólanum og kom fram í viðtölum og rýnihópum að áherslan í leikskólanum er fyrst og fremst á íslensku og íslenskt málumhverfi.⁴⁶ Þessar áherslur eru þó hvergi skráðar og starfsfólk er ekki á einu máli. Leikskólastjóri sagðist í viðtali ávallt senda póst til foreldra eingöngu á íslensku en ef á þarf að halda eru pólsku starfsmennirnir til taks. Ekki er unnið markvisst með heimamenningu barnanna fyrir utan að þjóðfánar barnanna eru sýnilegir á tveimur deildum, þjóðhátíðardagur viðkomandi lands og textinn: „Góðan daginn, velkomin í leikskólann“ á því tungumáli. Í foreldrakönnun Skólalámskráa kom fram að tæplega 90% foreldra telja að börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt í leikskólanum og að starfsfólk sé vakandi yfir því að öll börn tilheyri barnahópnum.

44 Viðtal við leikskólastjóra.

45 Viðtal við leikskólastjóra. Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

46 Viðtal við leikskólastjóra. Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Fjármagn til stuðnings barns er úthlutað um leið og grunnamat á þörf barnsins fyrir stuðning liggur fyrir.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Starfandi er nemendaverndarráð sem er ráðgefandi við leikskólann.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

Tækifæri til umbóta

- Skrá með skýrari hætti verkferla og skipulag sérkennslu.
- Sjá til þess að allt starfsfólk á deildum fái upplýsingar um börn með stuðning til að það geti framfylgt markmiðum einstaklingsnámskráa.
- Vinna að markvissri málörvun barna með slaka málvitund og með annað móðurmál en íslensku.
- Ræða og skrá áherslur leikskólans í vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá leikskólans er ekkert fjallað um þær leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt og engar áætlanir um innra mat liggja fyrir, hvorki til lengri eða skemmri tíma. Samkvæmd deildarstjórur fer fram umræðumat á deildarfundum og að sögn leikskólastjóra fer fram mat á starfsháttum þegar snillikort barnanna eru fyllt út. Virðist þetta að mestu vera óformlegt mat þar sem niðurstöður þess eru ekki skráðar sérstaklega.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra mat leikskólans er alfarið í höndum leikskólastjóra. Starfsmannakönnun var lögð fyrir á síðasta ári í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar* og hyggst leikskólastjóri leggja könnunina aftur fyrir starfsmannahópinn í vetur. Á haustfundum með foreldrum er þeim boðið að koma fram með ábendingar um leikskólastarfið og vorið 2018 voru viðhorf foreldra könnuð með foreldrakönnun Skólapúlsins.⁴⁷ Börnin hafa undanfarin ár ekki komið að því að meta starfið.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður kannana meðal starfsfólks og foreldra eru kynntar fyrir starfsfólki á starfsmannafundi og ábendingar frá foreldrum eru ræddar á starfsmannafundum.⁴⁸ Niðurstöður foreldrakannana eru kynntar fyrir foreldraráði og birtar á heimasíðu leikskólans. Ekki liggur fyrir greinargerð um innra mat né umbótaáætlun en að sögn leikskólastjóra er leitast við að bæta strax það sem þarf að bæta.

Styrkleikar

- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum leikskólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregin eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

47 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

48 Rýnihópur deildarstjóra.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Dalborgar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Sveitarfélagið styður við starfsmenn sem mennta sig leikskólafræðum.
- Útileiksvæði er stórt og vel tækjum búíð.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Leikskólinn vinnur að innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* í samræmi við stefnu Fjarðabyggðar.
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá Skólaskrifstofu Austurlands.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu og endurspegla áherslur í skólafélaginu.
- Lögbundnar áætlanir liggja fyrir um viðbrögð við áföllum, vegna öryggismála og forvarna og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra.
- Starfsfólk er almennt ánægt með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Starfsfólk er í flestum tilfellum uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum.
- Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Unnið er markvisst að eflingu samskipta með *Uppeldi til ábyrgðar* og ART.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum.
- Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm.
- Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna og þess gætt að matið taki til margra þátta.
- Fyllt er út snillikort og færnischema fyrir hvert og eitt barn og lagt til grundvallar samræðu um barnið í foreldraviðtölum.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Eskifjarðar um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau. Skýr áætlun er til um samstarfið og tilgreint hvaða upplýsingar fylgja barni á milli skólastiga.

- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Fjármagn til stuðnings barns er úthlutað um leið og grunnmat á þörf barnsins fyrir stuðning liggur fyrir.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Starfandi er nemendaverndarráð sem er ráðgefandi við leikskólann.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Brýnt er að leggja áherslu á að bæta húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.
- Leita leiða til að nýta aðstöðu úti til hreyfipjálfunar meðan unnið er að stækkun á leikskólahúsnæðinu.
- Vinna markvissar samkvæmt stefnu og gildum leikskólans og gera einkunnarorðin sýnileg í umhverfinu. Kynna stefnuna betur fyrir öllum hagsmunahópum.
- Í skólanámskrá þarf að gera betur grein fyrir hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna, hvernig unnið er að mati á árangri og gæðum leikskólastarfsins, aðferðum við innra mat og viðmiðum sem metið er út frá í innra mati. Einnig má draga markmið leikskólans skýrar fram.
- Koma starfsmannahandbók betur á framfæri með því t.d. að hafa hana aðgengilega inni á hverri deild.
- Skrá verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Gera öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega í öllum rýmum leikskólans.
- Skoða framboð af símenntunartækifærum fyrir ófagmenntað starfsfólk og hvetja það til að sækja námskeið og efla sig í starfi.
- Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.
- Auka leikfangakost og aðgengi barna að bókum og fjölbreyttu leikefni á Rauðu deild.
- Æskilegt væri að hafa einingakubba á deildum aðgengilega börnunum.
- Huga að fjölbreytni í verkefnum í vali og hópastarfi og gæta að börnum sem ekki hafa áhuga á verkefnum sem boðið er upp á og finna þeim áhugaverð verkefni.
- Vinna áfram að markvissri innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Starfsfólk ræði og samræmi hugmyndir um lýðræði barna í daglegu starfi og vinni að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag, viðfangsefni og verkefnaval.
- Gera ritmál sýnilegra og í hæð barnanna.
- Auka skapandi starf barna og gera vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Samræma og skrá verklag um hvernig tekist er á við krefjandi hegðun barna.

- Ræða og samræma verklag um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og þau kvödd í lok dags.
- Taka til umræðu ábendingu foreldra um hvernig staðið er að flutningi barna yfir á Snillinga-deild.
- Auka þátttöku foreldra í mati á námi og stöðu barnanna og gefa eldri börnunum tækifæri á að setja sér markmið og meta nám sitt.
- Gera skýrari greinarmun á hlutverki foreldraráðs og stjórn foreldrafélags með því að foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti á heimasíðu leikskólans.
- Auka daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið.
- Huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Skrá með skýrari hætti verkferla og skipulag sérkennslu.
- Sjá til þess að allt starfsfólk á deildum fái upplýsingar um börn með stuðning til að það geti framfylgt markmiðum einstaklingsnámskráa.
- Vinna að markvissri málörvun barna með slaka málvitund og með annað móðurmál en íslensku.
- Ræða og skrá áherslur leikskólans í vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Skipa matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum leikskólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.
- Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregin eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Dalborg leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum, starfsandi og skólabragur er góður og starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt. Unnið er markvisst að eflingu samskipta í leikskólanum og börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum. Þeim líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Vel er staðið að samstarfi við Grunnskóla Eskifjarðar um aðlögun barna á milli skólastiga. Ástæða er til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum um viðfangsefni og verkefnaval. Einnig ætti að gera ritmál sýnilegra á deildum og gera skapandi starfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans. Unnið er markvisst með mat á námi og velferð barna en tækifæri liggja í að auka þátttöku foreldra og barna í mati á námi og stöðu þeirra. Auka þarf daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og leikskólastarfið. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð og stefnu og áfram þarf að vinna að innleiðingu hennar með markvissum hætti og gera einkunnarorðin sýnileg í umhverfinu. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans út frá áætlunum til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011.

Ársáætlun Dalborgar 2018-2019. Ársáætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans á slóðinni:
<http://dalborg.leikskolinn.is/Skolastarfid/Aaetlanir>

Brúum bilið. Áætlun Dalborgar um flutning barna frá leikskóla yfir í grunnskóla.

Heimasíða Dalborgar. Slóðin er: <http://dalborg.leikskolinn.is/>

Heimasíða Fjarðabyggðar. Slóðin er: <http://www.fjardabyggd.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Móttaka nýrra nemenda í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar.

Skóladagatal Dalborgar 2018-2019. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans á slóðinni:
<http://dalborg.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal>

Skólanámskrá Dalborgar. Skólaárið 2018-2019. Skólaámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans á slóðinni: <http://dalborg.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Skólapúlsinn. Foreldrakönnun leikskóla 2017-2018. Leikskólinn Dalborg.

Verklýsingar á dögum Dalborgar 2018-2019.

Viðtöl:

Símtal við fræðslustjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

